

*Tollstjóri annars vegar og Tollvarðafélag Íslands hins vegar  
gera með sér eftirfarandi samkomulag um nánari forsendur og reglur um  
röðun starfaflokka við stofnunina skv. ákvæðum í  
kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.*

---

### 1. gr.

#### **Gildissvið**

Samkomulag þetta tekur til allra félagsmanna í Tollvarðafélagi Íslands sem starfa hjá Tollstjóra.

### 2. gr.

#### **Markmið**

Áðilar eru sammála um eftirfarandi markmið með þessum stofnanasamningi:

- að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum haetti og tryggi jöfn laun fyrir sambærileg störf án nokkurs konar mismununar s.s. vegna kynferðis
- að gagnsæi og hlutlægni sé gætt við launaákvarðanir
- að launakerfið nýtist sem stjórntæki til að ná fram markmiðum Tollstjóra
- að bæta nýtingu rekstrarfjármuna og skapa grundvöll fyrir aukinni hagræðingu
- að stuðla að því að tekin verði upp starfsmannaviðtöl a.m.k. annað hvert ár

### 3. gr.

#### **Starfaflokkar og starfsheiti**

Launakerfi Tollstjóra byggir á eftirfarandi starfaflokkum og starfsheimum hjá félagsmönnum Tollvarðafélags Íslands þegar samkomulagið er undirritað. Til grundvallar röðun skal liggja fyrir starfslýsing viðkomandi tollvardar:

##### **3.1. Tollverðir (títabundin ráðning)**

Almenn störf við tollframkvæmd unnin undir verkstjórn tollsérfræðinga, varðstjóra, aðalvarðstjóra/tollfulltrúua, aðstoðaryfirtollvarða eða yfirtollvarða. Tollvörðurinn er settur títabundið t.d. til sumarasleysinga eða hefur ekki hafið nám við Tollskólann.

##### **3.2. Tollverðir (nemar í Tollskóla)**

Almenn störf við tollframkvæmd unnin undir verkstjórn tollsérfræðinga, varðstjóra, aðalvarðstjóra/tollfulltrúua, aðstoðaryfirtollvarða eða yfirtollvarða. Tollvörðurinn er settur títabundið og stundar nám við Tollskólann.

##### **3.3. Tollverðir**

Almenn störf við tollframkvæmd unnin undir verkstjórn tollsérfræðinga, varðstjóra, aðalvarðstjóra/tollfulltrúua, aðstoðaryfirtollvarða eða yfirtollvarða. Tollvörðurinn skal geta veitt fullnægjandi upplýsingar og leiðbeiningar til viðskiptamanna og starfsmanna embættisins og geta

leiðbeint og stýrt starfsmönnum. Verkstjórn getur falist í starfinu en er ekki meginhluti starfsins. Tollvörðurinn hefur lokið prófi frá Tollsólanum.

### **3.4. Tollsérfræðingar**

Starfið felur í sér sjálftæða vinnu og umsjón með sérhæfðum og vandasönum verkefnum undir stjórn varðstjóra, aðalvarðstjóra/tollfulltrúa, aðstoðaryfirtollvarða eða yfirtollvarða. Hæfniskröfur sem gerðar eru til starfsins eru meiri en almennt gerist um önnur störf, sbr. kafla 3.1.-3.3. Tollverðir í þessu starfi þursa að hafa viðtæka þekkingu á tollframkvæmd eða mikla sérhæfingu á ákveðnu sviði tollframkvæmdar. Verkstjórn getur falist í starfinu en er ekki meginhluti starfsins.

### **3.5. Varðstjórar**

Starfið felur í sér sjálftæða vinnu og umsjón með sérhæfðum og vandasönum verkefnum undir stjórn aðalvarðstjóra/tollfulltrúa, aðstoðaryfirtollvarða eða yfirtollvarða. Hæfniskröfur sem gerðar eru til starfsins eru meiri en almennt gerist um önnur störf, sbr. kafla 3.1.-3.3. Tollverðir í þessu starfi þursa að hafa viðtæka þekkingu á tollframkvæmd eða mikla sérhæfingu á ákveðnu sviði tollframkvæmdar. Verkstjórn er stór hluti af starfinu.

### **3.6. Tollfulltrúar**

Tollfulltrúar sara með tiltekin verkefni sem krefjast sérhæfingar, sérþekkingar eða reynslu, en hafa almennt ekki verkstjórnarskyldur, nema í einstökum tilvikum og samkvæmt nánari ákvörðun yfirmanns. Hæfniskröfur sem gerðar eru til starfsins eru meiri en almennt gerist um önnur störf, sbr. kafla 3.1.-3.5. Starfsmanni getur verið salið að afgreiða skriflega fyrirspurnir er berast embættinu um afgreiðslur tollamála og hefur viðtæka þekkingu á lögum og reglum er lúta að tollafgreiðslu. Í starfinu felst að taka þátt í skipulagningu verkefna og stefnumótun þeirra verkþáttu sem undir starfið heyrir.

### **3.7. Aðalvarðstjórar**

Yfirmenn yfir ákveðnum viunnustöðum embættisins eða yfirmenn yfir ákveðnum verkþáttum undir stjórn aðstoðaryfirtollvarða eða yfirtollvarða. Hæfniskröfur sem gerðar eru til starfsins eru meiri en almennt gerist um önnur störf, sbr. kafla 3.1.-3.5. Starfsmanni getur verið salið að afgreiða skriflega fyrirspurnir er berast embættinu um afgreiðslur tollamála og hefur viðtæka þekkingu á lögum og reglum er lúta að tollafgreiðslu. Í starfinu felst að taka þátt í skipulagningu verkefna og stefnumótun þeirra verkþáttu sem undir starfið heyrir. Verkstjórn er stór hluti af starfinu.

### **3.8. Aðstoðaryfirtollverðir**

Aðstoðaryfirtollverður annast stjórnun, áætlanagerð og samhæfingu við stefnu stofnunar, hefur yfirumsjón með úrlausn verkefna deildarinnar og skipingu verkefna milli starfsmanna. Aðstoðaryfirtollverðir hafa daglega umsjón með starfi annarra starfsmanna. Hæfniskröfur sem gerðar eru til starfsins eru meiri en almennt gerist um önnur störf, sbr. kafla 3.1.-3.7. Starfsmanni getur verið salið að afgreiða skriflega fyrirspurnir er berast embættinu um afgreiðslur tollamála og hefur viðtæka þekkingu á lögum og reglum er lúta að tollafgreiðslu. Aðstoðaryfirtollverðir taka þátt í skipulagningu og samhæfingu við meginmarkmið deildarinnar í samráði við yfirtollvörd/forstöðumann. Í starfinu geta falist samskipti við ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki.

### **3.9. Yfirtollverðir**

Yfirtollverður annast stjórnun, áætlanagerð og samhæfingu við stefnu stofnunar, hefur yfirumsjón með skipingu og úrlausn allra verkefna deilda. Yfirtollverðir hafa m.a. umsjón með starfi annarra starfsmanna, þ.m.t. aðstoðaryfirtollvarða. Hæfniskröfur sem gerðar eru til starfsins eru meiri en almennt gerist um önnur störf, sbr. kafla 3.1.-3.7. Starfsmanni getur verið salið að afgreiða skriflega fyrirspurnir er berast embættinu um afgreiðslur tollamála og hefur viðtæka þekkingu á lögum og reglum er lúta að tollafgreiðslu. Yfirtollverðir annast skipulagningu og samhæfingu við meginmarkmið tollgæslusviðs í samráði við forstöðumann og tollstjóra. Í starfinu getur falist í samráði við forstöðumann umsjón með samskiptum við ráðuneyti, önnur embætti og stofnanir vegna verkefna deilda eða sviðs.

BBH A/B  
M/S  
B/S

16. 5. 2017  
M/M

*Tollstjóri annars vegar og Tollvarðafélag Íslands hins vegar eru sammála um að gera eftirfarandi breytingar á gildandi stofnanasamningi aðila þar sem fjallað er um forsendur og reglur um röðun starfaflokka við stofnunina skv. ákvæðum í samningi félagsins og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs.*

A.) Breytingar verða á 4. og 5. grein samkomulagsins og skulu þær orðast svo eftir breytingu:

4. gr.

#### Röðun starfaflokka í launaflokka

Tollverðir (tímacundin ráðning)	13
Tollverðir (nemar í Tollskóla)	14
Tollverðir	17
Tollsérfræðingar	20
Varðstjórar	20
Tollfulltrúar	24
Aðalvarðstjórar	25
Aðstoðaryfirtollverðir	30
Yfirtollverðir	34

5. gr.

#### Persónubundnir þættir - menntun/starfsreynsla

Álagsþrep fyrir persónubundna þætti eru varanleg enda umbun fyrir menntun og/eða starfsreynslu viðkomandi starfsmanns. Meta skal persónubundna þætti til álagsþrepa í launatöflu.

##### 5.1. Starfsreynsla

Tollverðir með a.m.k. 5 ára starfsreynslu skulu vera með 1 álagsþrep.  
Tollverðir með a.m.k. 10 ára starfsreynslu skulu vera með 3 álagsþrep.  
Tollverðir með a.m.k. 15 ára starfsreynslu skulu vera með 4 álagsþrep.

Með starfsreynslu er átt við þann tíma er viðkomandi tollvörður hefur starfað hjá Tollstjóra.

*[Handwritten signatures]*

*[Handwritten signatures]*

## 5.2. Háskólamenntun

Tollverðir, tollsérfræðingar, varðstjórar, tollfulltrúar og aðalvarðstjórar sem hafa lokið þriggja ára háskólamenntun (180 ects) sem nýtist í starfi skulu vera með 2 álagsþrep.

### B.) Gildistími:

Breytingar samkvæmt þessu samkomulagi gilda frá 1. júní 2017. Viðbótarlaun skv. bókun eru greidd fyrir tímabilið 1. júlí 2017 til 31. desember 2018 eins og nánar er kveðið á um í bókuninni.

Reykjavík, 14. júní 2017

F.h. Tollvarðafélags Íslands

F.h. Tollstjóra

*Hann er ófállið*  
Ólfur Þórðarson  
Tollvarðafélag Íslands

*Hann er ófállið*  
Jón Guðnason

## Bókun

### Viðbótarlaun og matskerfi

Markmið samstarfsnefndarinnar var að ná samkomulagi um útfærslu á tímabundnum viðbótarlaunum sem byggist á grein 11.3.2.3 í kjarasamningi TFÍ og ríkisins sem undirritaður var 11. nóvember 2015. Aðilar eru sammála um að um sé að ræða tilraunaverkefni sem gildir frá 1. júlí 2017 til 31. desember 2018. Að loknum þeim tíma fellur þessi bókun úr gildi ef samningsaðilar hafa ekki samið um áframhaldandi framkvæmd á viðbótarlaunakerfi samkvæmt þessari bókun.

Þessi bókun lýsir útfærslu sem er efnislega í samræmi við ofangreindan samning, þótt fyrirkomulag framkvæmdarinnar sé annað.

#### I. Umfang og fjöldi greiðslna:

Stefnt er að því að fjöldi greiðslna til starfsmanna verði takmarkaður á þann hátt að hlutfall þeirra starfsmanna sem fá greitt á hverjum tíma verði að jafnaði um 25% miðað við 6 mánaða tímabil. Matstímabil eru tvö á árinu, þ.e. janúar til og með júní (greitt út 1. júlí) og júlí til og með desember (greitt út 30. desember). Upphæðin er 35.000 kr per mánuð og hver greiðsla til starfsmanns sem fær viðbótarlaun er miðuð við 6 mánaða tímabil.

#### Viðbótarlaun:

Viðbótarlaun eru sem hér segir:

#### Viðbótar starfstengd verkefni, persónubundnir og árangursbundnir þættir

Greiðsla viðbótarlauna byggist á eftirfarandi þáttum. Vægi þátta er mismunandi þannig að þáttur 3 vegur 1,5 miðað við 1 hjá öðrum matsþáttum:

- Þáttur 1: Tímabundin viðbótarverkefni eða ábyrgð. Starfsmaður tekur að sér viðbótarverkefni eða ábyrgð sem metið er að sé umfram starfsskyldur og/eða starflýsingu. Hér er um að ræða viðbótarálag á núverandi starfsskyldur sem er tímabundið en nær þó að lágmarki yfir fjóra mánuði ársins. (Vægi: 1)
- Þáttur 2: Sérstakur sveigjanleiki eða liðlegheit starfsmanns varðandi vinnutíma sinn og mikill vilji til að leggja sig fram til að embættið nái markmiðum sínum. Hér er átt við vinnu sem er ekki greidd sem yfirvinna og unnin er skv. beiðni forstöðumanns. (Vægi :1)

Tímabundið álag . Dæmi:

- Starfsmaður samþykkir að vinna lengur en skilgreindan vinnutíma til að þjónusta viðskiptavini eða klára verkefni.
- Starfsmaður sinni starfi símleiðis eða gegnum tölvu utan vinnutíma.
- Starfsmaður er reiðubúinn að hliðra vinnutíma þegar það er mikilvægt fyrir starfsemi Tollstjóra. Taka sumarfri á tímum sem er minna vinsælt eða sýna sérstök liðlegheit varðandi aðstoð í forföllum.

H  
ÓI 8867

J

- Þáttur 3: Frammúrskarandi frammistaða eða afköst. Starfsmaður sýnir frammistöðu eða afköst sem eru umfram kröfur og væntingar í starfi. Dæmi um þætti eru: samskipti, þjónustuvilji, afköst, frumkvæði, fagleg forysta, áreiðanleiki, sjálfstæði, stuðningur við aðra, hugmyndir að úrbótum og elja til að koma þeim í framkvæmd. Aðlögunarhæfni og sveigjanleiki varðandi breytingar o.p.h. Að standast væntingar og uppfylla almennar kröfur er ekki nægjanlegt til að réttlæta greiðslu fyrir þennan þátt. (Vægi: 1,5)
- Þáttur 4: Álag vegna afleysinga vegna mikilla fjarvista annarra. Ef starfsmaður tekur aukna ábyrgð eða verkefni vegna langvarandi fjarveru annars starfsmanns þ.e. ef hann tekur að sér að vinna verkefni sem áður voru á ábyrgð þess sem fjarverandi er. (Vægi: 1)

#### Matstafla

Lagt er til að matið fari fram með töflu samkvæmt eftirfarandi, þar sem starfsmenn geta verið metnir með fleiri en einn þátt :

Nöfn	Tímabundin viðbótarverk efni eða ábyrgð Vægi: 1	Sveigjan-leiki í vinnu-fyrirkomu-lagi og umfangi starfs Vægi: 1	Framúrskara ndi frammistaða eða afköst skv. mælingum eða mati Vægi: 1,5	Álag vegna afleysinga vegna mikilla fjarvista annarra Vægi: 1	Samtals stig
NN					

## II. Framkvæmd

Endanlegt mat á því að hve miklu leyti hver og einn starfsmaður uppfyllir skilyrði þess að fá greitt skv. mati á persónubundnum þáttum er á ábyrgð Tollstjóra en hann hefur samráð við stjórnendahópinn og samráðsnefnd stofnunarinnar áður en ákvörðun er tekin.

Millistjórnendur taka þátt í að fylla út ofangreinda matstöflu. Stig eru gefin á mælivarðanum 0 - 3.

0 = á ekki við

1 = á við en lítið/stutt

2= á við, meðal/jafnt álag

3 = umfangsmikið, tímafrekt og íþyngjandi

Stefnt er að því að greiða viðbótarlaun samkvæmt samkomulagi þessu þrisvar sinnum fyrir tímabilið 1. júlí 2017 til 31. desember 2018.

ÓI KMF

SKW

Hverjum starfsmanni sem fær viðbótarlaun verður kynnt niðurstaðan í lok matsferlisins og upplýstur um ástæður viðbótalauna.

### III. Hlutverk samstarfsnefndar

Samstarfsnefnd Tollstjóra og TFÍ um framkvæmd stofnanasamninga er eftirlitsaðili með framkvæmd matsins og skal hafa aðgang að samantekt um niðurstöður og dreifingu greiðsla skv. því. Á þeim vettvangi eru einnig rædd álitamál sem upp koma.

### IV. Endurskoðun kerfis

Kerfið verður endurskoðað af hálfu samstarfsnefndar TFÍ og Tollstjóra ef þess er þörf og fellur úr gildi 31. desember 2018 ef samningsaðilar hafa ekki samið um annað.

Reykjavík, 14. júní 2017

F.h. Tollvarðafélags Íslands

Ólafur Þorláksson  
F. h. - R. R. Þorláksson

F.h. Tollstjóra

Magnús Kjartansson